

11. gr.

1. tl. 58. (verður 60.) gr. hljóði svo:

Vottorð frá lífeyrissjóði um iðgjaldgreiðslur samtals 20 mánuði á undanförunum 24 mánuðum áður en umsókn er lögð fram.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54/1986 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnum ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77/1985 og samkvæmt lögum nr. 27/1987 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1987.

Alexander Stefánsson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

REGLUGERÐ

um Verkmenntaskólann á Akureyri.

I. KAFLI

Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Verkmenntaskólinn á Akureyri er framhaldsskóli og starfar í samræmi við lög þar að lútandi.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemanda sinna, veita þeim almenna og sérhæfða menntun að loknu grunnskólanámi og búa þá undir þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins og frekara nám í sérskólum eða háskólum.

3. gr.

Skólinn skal gefa nemendum kost á fjölbreyttu samvali bóklegra og verklegra námsgreina er myndi mismunandi og mislangar námsbrautir í samræmi við markmið skólans. Um fjölda námsbrauta og inntak þeirra skal ákveða í námskrá, sbr. 8. gr.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

4. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar.

5. gr.

Nýir nemendur geta hafið nám hvort heldur er á haustönn eða vorönn. Skal umsóknarfrestur auglýstur fyrir hvora önn og er ekki skylt að taka til greina umsóknir sem berast eftir að hann rennur út. Umsóknir skulu ritaðar á sérstök eyðublöð og skulu fylgja umsókn gögn er þar greinir, sbr. 9. grein.

6. gr.

Til þess að setjast í skólann þurfa nemendur að hafa lokið grunnskólanámi. Nánari inntökuskilyrði einstakra námsbrauta skulu vera hin sömu og gilda um sambærilegt nám í framhaldsskólum.

III. KAFLI

Um námsbrautir, námsefni og kennslu.

7. gr.

Skólinn skal starfrækja sérstaka undirbúningsdeild eða hafa í boði sérstaka námsáfanga fyrir þá nemendur sem hafa lokið grunnskólanámi en uppfylla ekki inntökuskilyrði þeirrar námsbrautar sem sótt er um. Samtímis námi sínu í undirbúningsdeild er þessum nemendum heimilt að leggja stund á aðra námsáfanga þar sem undirbúningur þeirra er nægur. Fá þeir þá það nám metið til námseininga jafnt og aðrir nemendur. Nám í undirbúningsdeild veitir ekki námseingar. Skólastjórn getur veitt nemendum sem eru orðnir fullra 18 ára við innritun undanþágu frá setu í undirbúningsdeild.

8. gr.

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Námsbrautir eru skilgreindar í námskrá sem menntamálaráðherra setur.

9. gr.

Skólastjórn skal með nægum fyrirvara auglýsa hvaða áfangar verði í boði næstu námsönn. Við upphaf náms síns í skólanum skulu nemendur velja sér námsbraut og gera námsáætlun og tiltaka þar hvaða áföngum þeir hyggjast ljúka á hverri námsönn. Skólinn skal aðstoða nemendur við gerð námsáætlunar.

10. gr.

Námsannir á hverju skólaári eru tvær, haustönn og vorönn.

11. gr.

Í lok hvernar annar eru haldin próf, áfangapróf, og gefin áfangaeinkunn. Sker hún úr um hæfni nemandans til að halda áfram námi í greininni. Einnig má byggja áfangaeinkunn á sérstökum verkefnum eða skriflegum æfingum eftir nánari reglum er skólastjórn setur. Skal slíkt kynnt nemendum er þeir hefja nám í áfanganum.

12. gr.

Við námsmat skal notaður einkunnastigi með heilum tölum frá 1 til 10. Lágmarkseinkunn í hverjum áfanga er 5. Til þess að standast sveinspróf þarf að ná 5,0 í aðaleinkunn, verklegu prófi, teikningu og faggreinum sérnáms. Um próf og námsmat að örðu leyti skal fara samkvæmt reglum í námskrá handa framhaldsskólum sem menntamálaráðuneytið gefur út.

13. gr.

Nemandi hefur lokið námi í skólanum þegar hann hefur náð tilskildum einingafjölda og fer það eftir námsbrautum. Við brautskráningu skal tilgreina námsáfanga og einkunnir í prófskýrslum skólans og prófskírteinum nemenda.

Heimilt er að skjóta ágreiningi, er varðar próf og námsmat, til úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

14. gr.

Umsóknir um óreglulegt nám skulu berast skólastjórn á sama tíma og umsóknir reglulegra nemenda. Um utanskólanemendur gilda að öðru leyti sömu reglur og um aðra nemendur skólans að því er varðar próf, verklegar æfingar og skylduverkefni. Utanskólanemendur eru undanþegnir tímasókn. Suma áfanga er ekki unnt að stunda utanskóla.

15. gr.

Heimilt er að meta nám í öðrum skólum eða á viðurkenndum námskeiðum til námseininga skv. reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

16. gr.

Hverjum kennara er skylt að hafa umsjón með hópi 22—28 nemenda, eftir því sem skólameistari ákveður í upphafi skólaárs. Umsjónarkennari skal fylgjast vel með námsferli skjólstæðinga sinna, leiðbeina þeim um námsval í samráði við námsráðgjafa og vera talsmaður þeirra gagnvart öðrum kennurum og yfirstjórn skólans. Umsjónarkennarar skulu gera sér sérstakt far um að efla félagsleg tengsl innan hópsins og stuðla að samstöðu hans.

17. gr.

Allir fastir kennarar skólans skulu hafa viðtalstíma einu sinni í viku. Deildarstjórar og aðrir kennarar, sem hafa sérstakan viðtalstíma vegna starfs síns, skulu hafa þann viðtalstíma til viðbótar viðtalstíma samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI

Um starfslið skólans.

18. gr.

Skólinn skal vera svo búinn starfsliði að hann geti rækt þær skyldur er lög og reglugerð þessi mæla fyrir. Skal auk skólameistara og kennara ráða í eftirtalin störf m. a.:

A. Umsjónar- og ráðgjafarstörf.

1. Aðstoðarskólameistara skal ráða úr hópi kennslustjóra til þriggja ára í senn og skal starfið áður hafa verið auglýst. Aðstoðarskólameistari skal vera staðgengill skólameistara og honum til aðstoðar við daglega stjórn skólans og jafnframt gegna störfum kennslustjóra. Endurráðning aðstoðarskólameistara er heimil.
2. Ráða skal kennslustjóra úr hópi fastra kennara skólans til þriggja ára í senn og skulu störf þeirra hafa verið auglýst. Endurráðning er heimil. Við ráðningu kennslustjóra skal taka tillit til menntunar, starfsreynslu og annarra verðleika. Skólameistari og skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri skulu veita umsógn um umsækjendur. Einn kennslustjóranna skal hafa umsjón með kennslu og námi á heilbrigðissviði, annar á hússtjórnarsviði, þriðji á tæknisviði, fjórði á viðskiptasviði og sá fimmti á uppeldisviði. Kennslustjórnir skulu vera kennslufræðilegir ráðgjafar skólameistara. Þeir hafa yfirumsjón með skipulagningu kennslu hver á sínu sviði, annast gerð stundatöflu auk þess að hafa umsjón með prófum í samráði við áfangastjóra. Kennslustjórar skulu annast samskipti skólans við stofnanir og fyrirtæki atvinnulífsins.
3. Áfangastjóra skal ráða til þriggja ára í senn og hefur hann umsjón með skipulagi og skráningu áfangakerfis skólans. Hann skal vera skólastjórnendum til ráðuneytis um þessi mál og kynna þau kennurum og nemendum. Endurráðning er heimil. Áfangastjóri skal einnig hafa yfirumsjón með gerð stundatöflu, próf- og yfirsetutöflu, námsferilsskrár og fjarvistarskrár.

4. Umsjónarmaður öldungadeilda. Heimilt er að ráða einn af kennurum skólans til að hafa umsjón með rekstri öldungadeilda. Kennsluafsláttur vegna þess starfs skal ákveðinn af menntamálaráðuneyti að höfðu samráði við skólameistara.
5. Heimilt skal að ráða deildarstjóra í sérfræðigreinum eða greinaflokkum. Deildarstjóri skal ráðinn til tveggja ára í senn úr hópi fastráðinna kennara við skólann. Endurráðning er heimil. Við ráðningu í deildarstjórastarf skal taka tillit til menntunar og annarra verðleika. Skólameistari ræður deildarstjóra að höfðu samráði við kennara í deildinni og með samþykki menntamálaráðuneytis og skólaneftndar Verkmenntaskólans á Akureyri.

Deildarstjóri hefur umsjón með kennslu, námsefni og kennslutækjum í þeim greinum, sem falla undir deildarstjórn hans. Hann hlutast til um samstarf kennara, skipulagningu námsáfangna, val námsefnis, umfang þess, vinnubrögð og námsmat og sker úr ef ágreiningur verður. Hann hefur samráð við kennslustjóra og aðra deildarstjóra skólans um námsefni og kennsluáðferðir. Deildarstjóri skal fylgjast með því að snyrtilega sé farið með efni og tæki í verklegum æfingum og við aðra kennslu.

6. Bókavörður hefur umsjón með bóka- og námsgangasafni skólans og lestrasölum. Hann annast skráningu safnsins og sér um að halda því í röð og reglu og annast innkaup á bókum í samráði við skólameistara og deildarstjóra. Hann leiðbeinir nemendum um, hvernig þeir geti sem best hagnýtt sér safnið.
7. Ráða skal námsráðgjafa við skólann er liðsinni nemendum við val á námsbraut og námsáföngum hverrar námsannar, svo og um einkamál sem námið varða. Hann fer með hvert erindi sem undir hann er borið og þá vitneskju, sem hann öðlast í starfi sínu í samtölum við nemendur sem algjört trúnaðarmál.

Námsráðgjafi skal vera menntaður sem námsráðgjafi eða vera uppeldisfræðingur eða sálfræðingur og hafa auk þess reynslu af kennslustörfum. Séu ekki tök á að fá slíkan mann til starfa má til bráðabirgða ráða reyndan kennara til að gegna starfinu að nokkru eða öllu leyti.

8. Félagsmálastjóri skal ráðinn úr hópi kennara. Hann skal vera nemendum til aðstoðar við félagsstörf og annast fyrirgreiðslu af skólans hálfu og hlutast til um skipulagningu félagsstarfsins svo að ekki valdi árekstrum, m. a. varðandi nýtingu húsnæðis. Hann sér um eftirlit með þeim samkomum nemenda sem fram fara í húsakynnum skólans eða á hans vegum annars staðar. Hann skal einnig aðstoða nemendur við fjárhagsáætlanir og fjárreiður vegna félagslífs þeirra.

Skólameistari ræður félagsmálastjóra til allt að tveggja ára í senn með samþykki menntamálaráðuneytisins og skólaneftndar Verkmenntaskólans á Akureyri.

B. Störf í skrifstofu.

1. Skrifstofustjóri skal vera skólameistara til aðstoðar við dagleg störf og stjórna störfum sem unnin eru í skrifstofu skólans í umboði skólameistara svo sem reikningshaldi sem skólinn hefur með höndum og fjárreiðum, sem um skrifstofu skólans fara. Ritari skal annast afgreiðslu í skrifstofu, upplýsingar til nemenda, vélritun og síma vörslu. Um aðra skrifstofuaðstoð fer eftir mati Verkmenntaskólans á Akureyri og rekstraraðilja.

C. Önnur störf.

1. Umsjónarmaður húsa hefur umsjón með öllum húsum skólans og húsmunum, gerir tillögur um viðgerðir og viðhald til skólameistara, annast eftirlit með lóð skólans og hirðingu hennar.
2. Húsvörður annast dyravörslu, skipuleggur og stjórnar ræstingu og hefur umsjón með ljósum og hita.

3. Tækjavörður skal hafa umsjón með kennslutækjum og halda eignaskrá skóla. Hann skal sjá um viðhald og viðgerðir á tækjakosti í samráði við skólameistara og deildarstjóra. Fela má sama starfsmanni að gegna fleiri en einu þeirra starfa sem talin eru upp í lið A—C hér að framan.

19. gr.

Skólameistari skal skipaður í embætti af menntamálaráðherra. Aðstoðarskólameistari, fastir kennarar og aðrir uppeldislegir starfsmenn skólans skulu settir eða skipaðir af menntamálaráðuneytinu að fenginni umsögn skólameistara og skólanefndar. Tölu fastra kennara skal miða við að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra. Skólameistari ræður stundakennara.

V. KAFLI

Um stjórn skólans.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans, en hann er rekinn í sameigningu af ráðuneytinu og Akureyrarbæ í samræmi við ákvæði samnings milli aðilja frá 19. ágúst 1981.

21. gr.

Við skólann skal starfa skólanefnd skipuð fimm mönnum samanber 6. grein samnings um stofnun Verkmenntaskóla á Akureyri milli menntamálaráðuneytisins og bæjarstjórnar Akureyrar frá 19. ágúst 1981. Skólanefnd skal fjalla um skipulagsmál skólans, byggingaframkvæmdir, fjárhagsáætlanir og mannráðningar.

22. gr.

Skólastjórn undir forsæti skólameistara skipa einn kennslustjóri, er kennslustjórar velja úr sínum hópi, aðstoðarskólameistari, tveir fulltrúar kennara, kosnir á almennum kennarafundi og tveir fulltrúar nemenda. Fulltrúar nemenda og kennara skulu kosnir til eins árs í senn.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann, einstaklingsbundnar umsóknir þeirra, svo sem um flutning milli bekkja og frestun prófs, agabrot nemenda, svo og önnur málefni skólans, sem ekki eru sérstaklega falin skólameistara einum eða almennum kennarafundi í þessari reglugerð.

Skólastjórn skal halda reglulega fundi á starfstíma skólans. Rísi ágreiningur í skólastjórn, ræður meirihluti atkvæða. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði skólameistara. Haldin skal gerðabók um fundi skólastjórnar.

Skólastjórn getur falið skólameistara að annast afgreiðslu mála, er undir skólastjórn falla á þeim tíma árs er skólinn starfar ekki.

23. gr.

Skólameistari hefur sem oddviti skólastjórnar yfirumsjón með starfsemi skólans, húsum hans og munum, og rekstri öllum, að svo miklu leyti sem skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri fer ekki með þau mál. Hann skal hafa forystu um uppeldishlutverk skólans og bera ábyrgð á því að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námskrár og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann hefur yfirumsjón með námi og kennslu í skólanum og öðru samstarfi nemenda og kennara og skal eftir föngum hafa eftirlit með því að kennarar og aðrir starfsmenn skólans ræki skyldu sína.

Skólameistari skal með aðstoð samstarfsfólks fylgjast með framförum, hegðun og iðni nemenda og kynna sér eftir föngum hagi þeirra. Skylt er honum að gefa skýrslu um framfarir

og hegðun nemenda ef forráðamenn hans óska þess. Þá ber honum og að hlutast til um að forráðamanni sé tilkynnt ef nemandi vanrækir námið eða brýtur reglur skólans og skipast ekki við áminningar.

24. gr.

Almennur kennarafundur fjallar um mál er varða breytingar á námsskipan og kennsluháttum og um almennar ákvarðanir varðandi tilhögun prófa og námsmat. Skal jafnan leita áhlits kennarafundar áður en teknar eru veigamiklar ákvarðanir í slíkum efnum. Skólastjórn getur og ákveðið að skjóta öðrum málum til umsagnar kennarafundar. Kennarafundur getur á sama hátt vísað málum til endanlegrar afgreiðslu skólastjórnar eða deildarstjórafundar.

Kennarafundur kys við upphaf hvernar haustannar tvo fulltrúa til setu í skólastjórn og er kjörtímabil þeirra eitt ár í senn. Endurkjör er heimilt.

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Skylt er að halda kennarafund ef þriðjungur fastra kennara óskar þess eða fulltrúar kennara í skólastjórn. Skylt er föstum kennurum að sækja kennarafundi að forfallalaus, enda séu fundirnir haldnir á eðlilegum starfstíma skólans og boðaðir í tæka tíð. Stundakennurum er skylt að sækja fundi, ef skólameistari óskar þess, enda hafi þeir þá atkvæðisrétt.

Rétt til að sitja kennarafundi hafa auk kennara skrifstofustjóri og bókaforstjóri.

Skólameistari undirbýr mál er fyrir kennarafundi koma, en öllum sem rétt eiga til setu á fundunum skal heimilt að leggja þar fram mál. Skólameistari sér um að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðilja, nema fundurinn ákveði að hafa annan hátt á. Halda skal gerðabók um kennarafundi.

25. gr.

Í skólanum skal starfa nemendaráð er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kys tvo fulltrúa í skólastjórn sbr. 22. gr. Almenn samtök nemenda í skólanum setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og staðfestingu menntamálaráðuneytisins. Skal þess gætt, að slíkar reglur séu þannig úr gærði gerðar, að tryggt sé eftir fönngum jafnrétti nemenda.

VI. KAFLI

Um reglu og aga.

26. gr.

Reglu og aga skólans skal miða að því að friða um starf hans. Kennarar og nemendur skulu rækja störf sín af alúð og árvekni.

27. gr.

Nemendum eru heimil húsakynni í skólanum til skemmtana sinna og félagslífs, eftir nánari ákvæðum skólastjórnar, enda gæti þeir reglu og góðrar umgengni.

28. gr.

Nemendur, sem geta ekki sótt skólann sökum veikinda eða annarra gildra ástæðna, skulu tilkynna forföll. Skólastjórn setur nánari reglur um skólasókn. Eigi er skylt að taka önnur læknisvottorð gild en vottorð skólalæknis.

29. gr.

Nú gerist nemandi brotlegur við reglugerð skólans eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólameistara, ef brotið er alvarlegs eðlis. Skipist nemandi

ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólameistara, getur skólastjórn vikið honum úr skóla um stundasakir eða til fulls, enda hafi námsráðgjafi fjallað um málið. Þó geta málsatvik verið þannig, að skólameistari megi tafarlaust vísa nemanda burt. Ákvörðun um brottvikningu úr skóla getur nemandi skotið til menntamálaráðuneytisins.

30. gr.

Nú veldur nemandi vísvitandi skemmdum á eignum skólans og ber honum þá að bæta fullum bótum.

31. gr.

Nemendum er skylt að takast á hendur umsjón í skólanum eftir fyrirmælum skólameistara.

32. gr.

Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn mega ekki við skólastarf hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd né koma til starfa undir áhrifum þeirra. Á skemmtunum skólans gilda þær reglur um áfengi, sem skólastjórn setur og skulu þær vera í samræmi við áfengislöggjöf í landinu hverju sinni og fyrirmæli yfirstjórnar skólanna (bréf menntamálaráðuneytisins nr. 212/1950, um bindindiseftirlit í skólum, sbr. bréf ráðuneytisins nr. 120/1970).

VII. KAFLI

Gildistaka.

33. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14/1973 um fjölbrautaskóla og ákvæði 7. gr. í samningi menntamálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar frá 19. ágúst 1981. Reglugerðin öðlast gildi 1. júní 1987 og fellur þá úr gildi reglugerð nr. 254/1984.

34. gr.

Endurskoða skal þessa reglugerð að liðnum þremur árum frá gildistöku hennar.

Menntamálaráðuneytið, 15. apríl 1987.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

REGLUR**um breytingu á reglum um skipsbækur nr. 138/1986.**

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Öll skip, sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, skulu auk þess halda vélarbók.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 9. gr. siglingalaga nr. 34/1985, öðlast þegar gildi og birtast til eftireytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. apríl 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.